

18.04.2023



## Meiri vörusala og hærri rekstrarhagnaður Ölgerðarinnar

- Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) á fjórða ársfjórðungi hækkaði um 439 millj. kr. milli tímabila og jókst um 98%
- Vörusala samstæðu Ölgerðarinnar var 20,7% hærri á fjárhagsárinu
- 48% magnaukning á bjórsölu til hótela og veitingastaða
- 17% aukning í fjölda seldra eininga á árinu
- Rekstrarhagnaður fjárhagsársins var 4.560 millj. kr. og jókst um 41% á milli ára
- Hagnaður eftir skatta á fjárhagsárinu var 2,5 ma. kr en var 1,7 ma. kr árið áður

Ársreikningur samstæðu Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar hf. fyrir tímabilið 1. mars 2022 – 28. febrúar 2023 var samþykktur af stjórn og forstjóra á stjórnarfundum 18. apríl 2023.

Helstu niðurstöður árshlutareiknings fyrir fjórða ársfjórðung 2022 (Q4 2022) eru:

- EBITDA nam 885 millj. kr. samanborið við 446 millj. kr. á Q4 2021, sem jafngildir 98% hækkun milli ára.
- Eigið fé í lok 2022 nam 10,1 ma. kr. og eiginfjárhlutfall 39% samanborið við 31,5% við lok síðasta fjárhagsárs.
- Nettó vaxtaberandi skuldir með leiguskuldbindingu voru 7.324 millj. kr. í lok árs 2022 samanborið við 8.366 millj. kr. í lok árs 2021.
- Hagnaður eftir skatta var 505 millj. kr. á Q4 og jókst um 258%.

Samkvæmt uppgjöri fjórða ársfjórðungs jókst rekstrarhagnaður fyrirtækisins fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) um 439 millj. kr. frá sama tímabili árið 2021. Rekstrarhagnaðurinn var 885 millj. kr. á fjórða ársfjórðungi 2022 en var 446 millj. kr. á sama tímabili árið 2021. Hagnaður eftir skatta á tímabilinu var 505 millj. króna og jókst um 364 millj. kr. milli ára. Eigið fé Ölgerðarinnar var 10,1 ma. kr. og eiginfjárhlutfall 39%. Þá lækkuðu vaxtaberandi skuldir að frádregnu handbæru fé um 108 millj. kr. á fjórðungnum.

## Lykiltölur (mkr.)

Rekstrarreikningur Q4 2022	Q4 2022	Q4 2021	Breyt.	% Breyt
Vörusala	8.906	7.394	1.512	20%
Áfengis- og skilagjald	2.362	1.966	396	20%
Vörunotkun	3.398	2.826	572	20%
Annar framleiðslukostnaður	182	90	92	103%
Framlegð	2.964	2.513	452	18%
Aðrar tekjur	8	14	-6	-42%
Laun og launatengd gjöld	1.220	1.316	-96	-7%
Sölu- og markaðskostnaður	342	346	-5	-1%
Annar kostnaður	525	418	107	26%
EBITDA	885	446	439	98%
Afskriftir	206	169	37	22%
EBIT	679	277	402	145%
Fjármagnsliðir og áhrif hlutdeildarféлага	94	137	-43	-32%
Hagnaður fyrir skatta	586	141	445	317%
Tekjuskattur	81	-1	81	-
Hagnaður e skatta	505	141	364	258%

Á fjárhagsárinu 2022 nam veltuaukning 6,6 ma.kr. eða sem nemur 20,7% og EBITDA hækkaði um 1.321 millj. kr eða 40,8%. Um 71% af veltuaukningu má rekja til drykkjarvöru. Framleiddir lítrar jukust um 14% og framleiddar einingar um 17%. Sala á bjór í kútum jókst um 48% í lítrum talið á árinu og má án efa rekja drjúgan hluta þeirrar aukningar til ferðamanna.

Reksturinn það sem af er fjárhagsárinu 2023 hefur gengið vel og veltuaukning yfir 15% milli ára. Áframhaldandi aukning var á sölu bjórs og jókst hlutdeild Ölgerðarbjóra í verslunum ÁTVR úr 37,7% í 45,3%.

Rekstrarreikningur 12M 2022	12M 2022	12M 2021	Breyt.	% Breyt
Vörusala	38.438	31.841	6.597	21%
Áfengis- og skilagjald	10.336	8.895	1.441	16%
Vörunotkun	14.522	11.848	2.674	23%
Annar framleiðslukostnaður	771	688	83	12%
Framlegð	12.809	10.409	2.400	23%
Aðrar tekjur	34	46	-12	-26%
Laun og launatengd gjöld	4.391	4.013	378	9%
Sölu- og markaðskostnaður	1.858	1.606	253	16%
Annar kostnaður	2.033	1.597	436	27%
EBITDA	4.560	3.239	1.321	41%
Afskriftir	851	820	30	4%
EBIT	3.709	2.418	1.291	53%
Fjármagnsliðir og áhrif hlutdeildarféлага	664	383	280	73%
Hagnaður fyrir skatta	3.046	2.035	1010	50%
Tekjuskattur	558	372	187	50%
Hagnaður e skatta	2.487	1.664	824	50%

Efnahagsreikningur	28.2.2023	28.2.2022	Breyt.	% Breyt
Eignir	25.676	23.553	2.123	9%
Eigið fé	10.081	7.418	2.663	36%
Eiginfjárhlutfall	39,3%	31,5%	7,5	
Vaxtaberandi skuldir og leigusk.	8.496	9.025	-529	-6%
Handbært fé	1.172	659	513	78%
Nettó vaxtaberandi skuldir og leigusk.	7.324	8.366	-1.042	-12%
EBITDA sl. 12 mán	4.560	3.239	1.321	41%
NIDB/EBITDA sl. 12 mán	1,6	2,6	-1,0	

Stjórnendur Ölgerðarinnar gera ráð fyrir að EBITDA fjárhagsársins 1. mars 2023 – 28. febrúar 2024 verði á bilinu 4,7 – 5,0 ma. kr. án tillits til áhrifa kaupa á meirihluta í Iceland Spring ehf, sbr. tilkynningu frá Ölgerðinni 11. apríl 2023.

„Það er afar ánægjulegt að sjá áframhaldandi þróun í vexti Ölgerðarinnar á árinu og góðar viðtökur neytenda við vörum okkar og þeirri miklu nýsköpun sem er til staðar. Allt starfsfólk Ölgerðarinnar hefur lagt hart að sér að leita leiða til hagræðingar í rekstri samhliða aukinni framleiðslu sem hefur m.a. leitt til þess að verð um áramót hækkuðu minna en verðlag síðasta árs og það er til hagsbóta fyrir viðskiptavinum okkar og neytendum almennt,“ segir **Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar**.

#### **Nánari upplýsingar veita:**


**Andri Þór Guðmundsson, forstjóri, í síma 665-8010**

**Jón Þorsteinn Oddleifsson, fjármálastjóri í síma 820-6491**

Nánari útlitun:


## Vörusala

Velta Ölgerðarinnar jókst um 6,6 ma. kr. á rekstrarárinu. Veltuaukningu má rekja til aukinnar sölu á bæði framleiðsluvörum og innflutningsvöru. Sala til hótela og veitingastaða jókst um 55% og fyrirtækja um 45%. Hlutfall heildarveltu Ölgerðarinnar til hótela og veitingastaða var 19% og hefur aldrei verið hærra. Hlutfall eigin vörumerkja af heildarframlegð var um 49%.



## Laun- og launatengd gjöld

Laun- og launatengd gjöld námu 4.391 millj. kr á árinu og hækkuðu um 378 millj. kr milli ára eða 9,4%. Launahlutfallið á tímabilinu var 11,4% samanborið 12,6% á sama tímabili árið áður. Samanburður á launakostnaði milli ára þarf að skoðast m.t.t. 170 millj. kr. einskíptist gjaldfærslu á fjárhagsárinu 2021. Leiðrétt fyrir henni hækkaði launakostnaður um 14% milli ára.



Meðal stöðugildi á tímabilinu voru 375 og fjölgaði um 26 milli

ára. Velta pr. stöðugildi hækkar áfram og var 103 millj. Kr. á árinu 2022 – 84% hækkun frá árinu 2017.

## Rekstrargjöld

Rekstrargjöld námu 3.891 millj. kr. á árinu og hækkuðu um 689 millj. kr. milli ára. Kostnaðarhlutfallið var 10,1% og var óbreytt milli ára. EBITDA hlutfall á árinu var 11,9% samanborið við 10,2% árið áður.

## Hlutdeildarfélög

Rekstur Iceland Spring ehf heldur áfram að ganga vel og skilar félagið jákvæðum hlutdeildartekjum til Ölgerðarinnar. Framleiðsla ársins 2022 jókst um tæp 40% frá árinu áður. Ölgerðin færir nú 40% hlut í félaginu meðal eignarhluta í hlutdeildarfélögum.

Þann 11. apríl 2022 eignaðist Ölgerðin 51% í félaginu og fyrirhugað er að rekstur félagsins verði hluti af samstæðu Ölgerðarinnar. Velta Iceland Spring árið 2022 var um 2,5 ma. kr. og EBITDA um 250 millj. kr.

## Gengisáhrif

Neikvæð gengisáhrif voru 98 millj. kr. á árinu, þar af 25 millj. kr. á Q4 2022. Gengisáhrifin eru vegna hækkunar viðskiptaskulda í erlendum myntum. Stærsti hluti viðskiptaskulda samstæðunnar er í EUR sem hækkaði um 3,5% á móti ISK á Q4 2022. Gengisáhrifin eru færð meðal fjármagnsliða.


## Fjárfestingar

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum árið 2022 var 1.310 millj. kr. á móti 2.155 millj. kr. fyrra. Fjárfestingaáætlun ársins í heild var 1.680 millj. kr.

Sértæka fjárfestingaverkefnið sem lagt var af stað með árið 2020 gerði ráð fyrir 2.500 millj. kr. fjárfestingu í þremur liðum:

1. Nýbyggingu við Grjótháls
2. Nýrri framleiðslulínu fyrir dósir
3. Uppfærslu á eldri gler- og dósaframleiðslusal.

Fyrstu tveimur liðum verkefnisins lauk á þessum ársfjórðungi. Ákveðið var að fresta þriðja hluta verkefnisins og endurmeta fjárfestinguna. Þrátt fyrir að uppfærslu eldri salar hafi verið frestað er komin viðhaldsþörf sem er sinnt. Þannig fjárfestingar fara undir hefðbundnar viðhaldsfjárfestingar.



Allar tölur í m.kr.

## **Fjármögnun**

Í lok nóvember var gengið frá samkomulagi við lánveitanda Ölgerðarinnar um endurfjármögnun og kjarabreytingu á skuldum samstæðunnar. Meðal þeirra breytinga sem gerðar voru á lánsfjármögnuninni var lenging á lokagjaldþaga rekstrarlána til ársins 2027 og lækkun vaxtakjara allra lána. Breyting á vaxtakjörum tók annars vegar gildi í lok nóvember og hins vegar í desember. Lánin eru óverðtryggð á breytilegum vöxtum sem stóðu í 8,7% þann 28.02.2023. Skuldir og leiguskuldir félagsins að frádregnu handbæru fé voru 7,3 ma kr í lok fjárhagsársins og halda áfram að lækka. Þann 28. febrúar 2023 voru nettó vaxtaberandi skuldir 1,6 x EBITDA ársins.

## **Endurlagning aðflutningsgjalda**

Þann 9. desember 2022 úrskurðaði tollgæsla Skattsins endurlagningu aðflutningsgjalda vegna vöruhegundar sem Ölgerðin hefur flutt inn í mörg ár. Niðurstaðan leiðir til þess að hagnaður fyrir skatta á tímabilinu er 60 millj. kr lægri en annars hefði verið. Heildaráhrif á eigið fé samstæðunnar eru 292 millj. kr. Niðurstaðan hefur verið kærð til Yfirsattanefndar. Ölgerðin hefur í kjölfar úrskurðarins fengið bindandi álit frá Skattinum varðandi hliðstæðar vörur. Þau álit eru í samræmi við tollflokkun Ölgerðarinnar.